

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 14. maí 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-27/2009.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. mars sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðskipta sinna við tryggingafélagið Y út af tjóni á bifreiðinni A. Eftir að álitsbeiðanda barst bréf kæruneftndarinnar, dags. 4. mars sl., beinir álitsbeiðandi kröfum sínum að seljanda bifreiðarinnar, Z, sem eru að fyrirtækið bæti honum tjón á bifreiðinni að fullu.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Sem fyrr segir ritaði kæruneftndin álitsbeiðanda bréf, dags. 4. mars sl., og benti honum á að ágreiningur neytanda við váttryggingafélag félli ekki undir valdsvið nefndarinnar. Hins vegar félli ágreiningur neytanda við seljanda undir það valdsvið. Álitsbeiðandi ritaði kæruneftndinni bréf, dags. 10. mars, og kvaðst beina kröfum sínum á hendur Z. Kæruneftndin ritaði því fyrirtæki bréf, dags. 18. mars, og gaf því kost á að andmæla kröfum álitsbeiðanda og frest til þess til 30. mars. Fyrirtækið fékk frestinn framlengdan og bárust andmælin kæruneftndinni 13. apríl. Með bréfi, dags. 14. apríl, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 26. apríl. Engar athugasemdir bárust frá álitsbeiðanda. Með bréfi, dags. 6. maí sl. var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt nýja bifreið A, 18. maí 2007, og mun það hafa verið af fyrirtækinu Bifreiðum og landbúnaðarvéllum. Samkvæmt samningi hafi verið 3ja ára ábyrgð á bifreiðinni og hafi hún verið færð til skoðunar samkvæmt þeim samningi. Hinn 3. mars 2009 hafi hann verið á leið heim til sínu úr vinnu og misst bifreiðina út af veginum. Þó nokkur vindur hafi verið eða u.þ.b. 20 m/sek, úrkomulaust en snjór á jörðu og lágrenningur þannig að snjó hafi skafið yfir og truflað akstur í sjónhæð. Lítils háttar skemmdir hafi orðið á bifreiðinni. Þá segir orðrétt í álitsbeiðninni:

„Í upphafi næsta dags fer ég á dráttarvél og dreg bifreiðina upp á veginn og gangset hana og var allt eðlilegt við gangsetningu og bifreiðin skilin eftir í gangi. Á meðan fer ég með dráttarvélinu heim á bæ. Tók það u.þ.b. 30 mín. Er ég kem til baka er allt eðlilegt, bifreiðin í gangi og er ekið af stað. Fljótlega verð ég var við gangtruflanir þannig að ég finn að bíllinn missir afl þ.e. ég met það þannig að kerti hafi blotnað og bíllinn gangi ekki á öllum kertum. Skömmu síðar kviknar á hitaljósi í mælaborði. Vaknaði þá sá grunur að snjór gæti verið í kæliviftu. Stöðva ég þá bifreiðina, fer út og athuga með kæliviftu. Hreinsa þar í burtu snjó, set bíl aftur í gang. Ljós logar ekki en finn ég að bíllinn gengur

ekki eðlilega og met enn að bíll sé með gangtruflanir vegna bleytu. Skömmu síðar kviknar ljós aftur, óhljóð koma í vél og bifreiðin stöðvast. Allt stopp.

Vindur var töluverður, bíllinn er með 3 boga á toppi sem gnauðar í myndar einhvers konar blísturshljóð. Vera má að það hafi truflað mat mitt á því hvað var í raun og veru að eiga sér stað. Hef þá samband við B sem er umboð Z. Bíllinn er fluttur þangað af E.

Í ljós koma að bíllinn hafi farið yfir á tíma þar sem skafið hafi snjó inn á vél vegna skemmdar á pönnu undir vél og hlíf í grilli. Tjáðu þeir á B mér að tjónið félli ekki undir ábyrgð umboðs og vísuðu á tryggingafélag (Y).

Álitsbeiðandi segir að sér hafi verið bent á að bilunin í bifreiðinni falli undir ábyrgð umboðs og skemmd á pönnu undir vél og hlíf í grilli eigi ekkert að hafa með tímareim að gera. Hún eigi að vera varin af kostgæfni af framleiðanda bílsins og ein hlíf eigi ekki að verja aðra. Til samanburðar megi geta þess að 11. desember 2003 hafi hann keypt nýja bifreið af Z og hún farið yfir á tíma í október 2004 en þá hafi verið búið að aka henni um 15 þús. km. Umboðið hafi þá bætt tjónið án athugasemda.

Álitsbeiðandi kveðst telja að skoðun bifreiðarinnar af hálfu seljanda hafi ekki verið gerð af fagmennsku.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda segir m.a. eftirfarandi:

1. Umrædd bifreið, A, nýskráð 18. maí 2007. Ábyrgðartíma framleiðanda bifreiðarinnar lýkur því í maí n.k.
2. Bilun verður í vél bifreiðarinnar eftir útafkeyrslu í mars 2009 sem m.a. ollu skemmdum á hlíf undir vél og í grilli eins og kemur fram í álitsbeiðninni. Snjóaði inn á vélina þar sem bifreiðin var skilin eftir og hún gangsett næsta dag og látin ganga þar til veruleg skemmd hlaut af.
3. Samkvæmt skoðun tæknimanns hjá okkur á myndum af tjóni á vélinni þykir ljóst að ekki var drepíð á bifreiðinni þrátt fyrir óeðlilega virkni hennar sem hefur verulegar afleiðingar á umfang tjónsins.
4. Tjón á vél bifreiðarinnar er afleiðing skemmda við útafkeyrslu þar sem hluti hlífðarbúnaðar vélarinnar skemmdist og gangsetning vélarinnar í kjölfarið fellur því ekki undir ábyrgð framleiðandans.
5. Eigandi gerir athugasemdir við mat bifreiðaverkstæðisins sem hann flutti bifreiðina til, þ.e. bifreiðaverkstæðisins B, þar sem það sé ekki vottað CABAS verkstæði. Umrædd CABAS-kerfi er hugbúnaður lagður til að tryggingafélögum fyrir réttunga-verkstæði vegna tjónamats á yfirbyggingu bíla og til hægðarauka vegna samskipta milli viðgerðaraðila og tryggingafélags. Engin áhrif hefur á skoðun og bilanagreiningu bifreiðaverkstæðisins B hvort verkstæðið hefur aðgang að CABAS-kerfinu eða ekki.

V

Úr gögnum málsins

Meðal gagna málsins er tölvupóstur frá bifreiðaverkstæðinu B til Y og er hann svohljóðandi:

„A. var dreginn hingað á verkstæðið ógangfær. Við skoðun á honum kom í ljós að bíllinn hafði farið yfir á tíma og eyðilagt vélina. Ástæða þess að bíllinn fór yfir á tíma er sú að

það skóf inn á vélina vegna þess að þanna undir bílnum var brotin og skemmd hlíf í grilli.“

Í tjónstilkynningu álitsbeiðanda til váttryggingarfélags, dags. 19. mars 2009, segir álitsbeiðandi að hlíf undir mótör bifreiðarinnar hafi brotnað af. Þá segir og í sömu tilkynningu:

„Bíll síðan fluttur á verkstæðið B þar sem kom í ljós að vegna skemmdar á hlífðarbúnaði hafði skafið snjó inn í vélarrúm með þeim afleiðingum að bíll fór á tíma og varð tjón á vélbúnaði bílsins.“

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Z falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Skilja verður röksemdir álitsbeiðanda svo að hann haldi því ekki fram að tímareimin og búnaður hennar hafi í sjálfu sér verið gallaður frá upphafi heldur hafi sá galli verið á bifreiðinni að tímareimin hafi ekki verið nægilega varin fyrir snjó sem komst inn í vélarhúsið en svo hefði átt að vera.

Af því sem fram kemur í gögnum málsins verður að telja ljóst að þær skemmdir sem urðu á bifreið álitsbeiðanda við útafaksturinn leiddu til þess að snjó skóf inn í vélarhúsið. Miklar líkur eru á því að svo hafi farið þegar snjór kom inn á vélina heita að hann hafi bráðnað en síðan frosið þegar vélin kólnaði. Bráðinn snjór hafi komist inn á tímareimina, síðan frosið og valdið því að hún hafi skemmst vegna klakans þegar bifreiðin var gangsett að nýju og látin ganga áfram. Svo virðist sem álitsbeiðandi hafi sett bifreiðina í gang án þess að opna vélarhúsið og hreinsa fyrst snjóinn úr því og tryggja að kæliviftur og tímareim gætu virkað á eðlilegan hátt. Álitsbeiðandi lét hins vegar bifreiðina ganga í u.þ.b. háltíma og ók henni síðan af stað og þá komu gangtruflanir fljótlega í ljós en álitsbeiðandi ók áfram þar til kviknaði hitaljós í mælaborði. Þá fór hann að gruna að ástæðan gæti verið sú að snjór væri í vélarhúsinu sem reyndist vera rétt. Þá fyrst hreinsaði álitsbeiðandi snjóinn í burtu en sýnist hafa ekið bifreiðinni áfram þar til hún stöðvaðist.

Það er álit kærunefndarinnar að yfirgnæfandi líkur séu á því að tímareimin hafi gefið sig, með þeim afleiðingum sem urðu af framangreindum ástæðum. Kærunefndin getur ekki fallist á að það sé galli á bifreið þótt tímareim kunni að gefa sig við slíkar aðstæður heldur hafi ástæðan fyrir því að svo fór sem fór að ekki var gætt nægilegrar varúðar við gangsetningu bifreiðarinnar eftir útafaksturinn, þ.e. að hreinsa rækilega burtu þann snjó sem var í vélarhúsinu áður en bifreiðin var gangsett og henni ekið af stað. Það er því álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi ekki bótakröfu á hendur Z vegna skemmda á tímareiminni og afleiðingum hennar. Í þessu sambandi bendir kærunefndin á 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 en þar er kveðið á um að til þess að neytandi eignist úrbótarétt á hendur seljanda vegna galla á söluhlut má gallinn hvorki vera sök neytanda né stafa af

aðstæðum sem hann varða. Niðurstaða kæruneftdarinnar er því sú að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

VII

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir